

BORGARRÁÐ 9. mars 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um þjónustu og tíðni borgarlínu – MSS23030067

Mun borgarlína þurfa að draga úr þjónustu og tíðni ferða ef svipað áfall gengur yfir okkur og í COVID faraldrinum? Þá urðu áföll í tekjum Strætó og í kjölfarið varð að fækka ferðum og skera niður. Þyrfti að skera niður tíðni ferða eða þjónustu borgarlínu ef við yrðum fyrir efnahagsáfalli, líkt og COVID-19 hafði á rekstur Strætó þegar skera þurfti niður? Eru einhverjar áætlanir eða samningar í kortunum um hvernig þjónusta borgarlínu skuli tryggð ef efnahagsáfall eða önnur áföll dynja yfir okkur?